

Lokaskýrsla
Vináttuverkefni Barnaheilla
Fri for mobberi
Þróunarverkefni í leikskólum Garðabæjar
Hæðarból, Krakkakot, Lundaból, Sunnuhvoll
2016



Tengiliður: Anna Svanlaugsdóttir Hæðabóli

Vináttuverkefni Barnaheilla

Forsenda þess að ráðist var í verkefnið Vinátta var viljayfirlýsing fræðslufirvalda um að allir leikskólar sveitarfélagsins tækju þátt í verkefninu um forvarnir gegn einelti í leikskólum. Fjórir leikskólar, Hæðarból, Krakkakot, Lundaból og Sunnuhvoll höfðu ekki innleitt verkefnið og sammæltust því stjórnendur þessara fjögurra skóla um að sækja í þróunarsjóð Garðabæjar til að fjármagna það.

Hugmyndafræði vináttuverkefnisins byggist á hugmyndinni um að vilja breyta hegðun til hins betra og finna leiðir til þess að kenna börnum á leikskólaaldri hugtök og gildi sem munu nýtast þeim á jákvæðan hátt í félagslegum samskiptum í gegnum lífið.

Eins og áður sagði óskaði Garðabær eftir þátttöku leikskólanna og tóku kennarar hugmyndinni fagnandi þar sem þeir fengu loks verkfæri í hendur til að nýta þegar erfiðar aðstæður koma upp.

Tilgangur og markmið

Tilgangur og markmið vinaverkefnisins felst fyrst og fremst í að kenna börnum innihald ákveðinna hugtaka eins og virðingu, hugrekki, umburðarlyndi og umhyggju. Með innihaldi þessara gilda er hægt að vinna með, tala um og virða fyrir sér ýmsar aðstæður sem hver og einn hefur eða getur hugsanlega lent í. Með verkefninu er verið að gefa börnum kost á að læra af eigin reynslu, setja sig í spor annarra, sýna samkennd og dæma ekki fyrirfram. Í kjölfarið læra börn að vera betur meðvituð um raunverulegan skaða sem getur orðið vegna eineltis.

Einnig er talað um í markmiðum verkefnisins að það skipti öllu máli að mynda jákvæðan skólabrag og að skólasamfélagið einkennist af gagnkvæmu umburðarlyndi og virðingu. Með því að kenna bæði börnum og fullorðnum umburðarlyndi og virðingu getur skólasamfélagið sýnt hvert öðru umhyggju og öðlast hugrekki til þess að bregðast rétt við erfiðum aðstæðum. Ábyrgð okkar fullorðinna er því mikil þegar það kemur að forvörnum eineltis. Við sem umgöngumst börnin daglega erum þeirra fyrirmyndir og þar af leiðandi skiptir miklu máli hvernig okkar samskipti og viðhorf birtast börnunum. Eins og segir í lýsingu um verkefnið er einelti á ábyrgð hinna fullorðnu og því nauðsynlegt fyrir okkur að fá leiðbeiningar, hvatningu og ekki síður verkfæri til að fyrirbyggja að einelti nái ekki að þrífast.

Framkvæmd

Vinaverkefni Barnaheilla var kynnt fyrir öllum starfsmönnum leikskólanna þann 16. september 2016. Í kjölfar kynningar fór af stað ferli til þess að koma bangsanum Blæ og litlu félögum hans inn á hvern og einn leikskóla. Í samstarfi við Landhelgisgæsluna fengu leikskólabörnin frá Hæðarbóli, Krakkakoti og Sunnuhvoli að upplifa komu Blæs þar sem þyrta landhelgisgæslunnar lenti á Vífilstaðartúni og afhenti áhöfn gæslunnar börnunum Blæ. Fréttastofurnar Stöðvar 2 og Rúv var boðið á viðburðinn til að upplifa jákvæða vinnu með leikskólabörnum og þáðu þeir boðið. Leikskólinn Lundaból valdi að fara aðra leið og kom Blær til þeirra með pósti. Öll börn vináttuverkefnisins fengu upplýsingar um að bangsinn Blær kæmi alla leið frá Ástralíu og væri tákn vináttu.

Strax og það var ákveðið að fara í samstarf var ákveðið að fá verkefnastjóra til þess að halda utan um verkefnið. Þeir sem tóku að sér verkefnastjórn voru: Anna Svanlaugsdóttir frá



Hæðarbóli, Nína Björk Gísladóttir frá Krakkakoti, María Ósk Sigurðardóttir frá Lundarbóli og Anna Björnsdóttir frá Sunnuhvoli. Verkefnastjórar hittust að meðaltali einu sinni í mánuði allan veturinn og ræddu framvindu verkefnisins í hverjum skóla fyrir sig og deildu eigin reynslu og hugmyndum (sjá fylgiskjal, bls. 6). Kennarar hvers skóla ákváðu svo hvernig vinna ætti verkefnið með börnunum, verkefnastjórar fylgdu því eftir, komu með tillögur og hvöttu kennara sína áfram.

Það gaf auga leið frá byrjun að áherslur verkefnisins yrðu mismunandi eftir aldri barnanna. Börnin á leikskólunum fjórum voru frá eins árs til sex ára, og var það hlutverk kennara hvernig deildar að finna út hvernig hægt væri að fullnýta innihald verkefnisins yfir veturinn. Vert er að taka fram að áherslur hvers leikskóla voru mismunandi og því verður farið heildstætt yfir hvernig verkefnið gekk fyrir sig fyrsta skólaár Blæs. Dæmi um vinastund má sjá í viðhengi og var reynt að hafa stundirnar stuttar og hnitmiðaðar.

Yngstu börnin voru frá tæplega eins árs til rúmlega tveggja ára. Unnið var mjög grunnt með verkefnið á þessu aldurstigi. Blær og hjálparbangsar sátu með börnum í vinastund einu sinni til tvisvar í viku. Dæmi voru um að öll börnin væru með bangsann sinn í hvíld á hverjum degi. Einnig var litli Blær mikið notaður þegar börnunum leið illa og þurftu á huggun eða hugrekki að halda. Geisladiskurinn með vinalögum var notaður og önnur lög tengd vináttu. Samræðuspöld voru ýmist sýnd stuttlega eða þau hengd upp á vegg í þeirra hæð.

Kennarar barna frá 2-6 ára unnu einnig markvisst með verkefnið 1-2 sinni í viku. Hægt var að nýta efni töskunnar betur eftir því sem börnin urðu eldri.

Reynt var eftir bestu getu að hafa vinastundirnar í litlum hópum, þannig fengu börnin að njóta sín betur, meiri tíma til að tjá sig og meiri nánd við félagana og kennarann. Í upphafi vinastundar var ýmist sungið og saga lesin. Því næst var saga og umræðuspjald um atvik sem koma upp í daglegu lífi notað sem samræðu grundvöllur. Börnin voru hvött til að setja sig í spor og reyna að yfirfæra aðstæðurnar í raunveruleikann. Vinastund endaði m.a. á slökun, nuddi eða söng.

Birtingarmyndin um vináttuna í leikskólunum

Ef horft er á birtingarmynd um vináttuna í leikskólanum sjáum við að hún skilar sér vel til barnanna. Blær er táknmynd vináttunar og börn sækja mikið í hann við hinar ýmsu aðstæður.

Við sjáum að þau eru meðvitaðri og vekja því meiri athygli ef einhverjum líður illa. Þau vilja jafnvel hugga þann sem er að gráta og koma svo yfirleitt til kennarans og láta vita. Við höfum séð að þau sýna hvort öðru meira umburðarlyndi og eru opnari fyrir fjölbreytileikanum.

Sameiginlegar niðurstöður og umræða

Þegar litið er yfir fyrsta ár vinaverkefnisins á leikskólunum fjórum kom í ljós bæði kostir og gallar. Þegar stór verkefni eru innleidd í leikskóla með það markmið að það fylgi okkur í framtíðinni er vert að horfa á allar hliðar þess svo hægt sé að byggja ofan á það góða starf og bæta það sem betur hefði mátt fara.

Almenn ánægja var með verkefnið sjálft, kennsluefnið og verkfærin sem því fylgdu var mjög áþreifanlegt, myndrænt og höfðaði til barnanna. Þau markmið sem leikskólarnir lögðu upp með stóðust að mestu. Við gerum okkur grein fyrir að svona verkefni tekur tíma að þróast og

festast í starfsháttum skólanna. Vitað var frá byrjun að verkefnið væri ekki hugsað fyrir yngstu börnin en tekin var sú ákvörðun að aðlaga verkefnið að þeim eins vel og við gátum og leyfa þeim kynnast Blæ. Á eldri deildum leikskólanna teljum við að markmiðið með verkefninu hafi náðst. Börnin náðu góðum tókum á innihaldi gildanna og náðu að yfirfæra innihald þeirra yfir í leik og starf. Foreldrar höfðu meðal annars orð á því að börn þeirra hefðu tekið upp umræður um vinaverkefnið heima. Þau jafnvel komið með dæmi um það hvernig Blær myndi haga sér við ákveðnar aðstæður sem upp komu heima.

Það sem kom upp í huga okkar verkefnastjóranna eftir fyrsta árið er að erfitt er að mæla hversu vel verkefnið hefur skilað sér inn í leikskólana. Kennarar sjá að vinnan hefur skilað sér til barnanna en hafa þó enga haldbæra mælingu á því. Mikilvægt er þá að hafa það í huga að skortur er á grunnlínumælingum þegar skoðaðar eru niðurstöður rannsókna sem hafa verið gerðar í þessu verkefni. Það er erfitt að sjá nákvæmlega hverju þetta hefur skilað okkur þar sem aðeins er um huglægt mat að ræða. Við teljum okkur sjá framfarir í hegðun barnanna. Þá teljum við mikilvægt að hver leikskóli sé samstíga með að vinna með sama hugtakið á sama tíma.

Sérstaða hvers skóla fyrir sig

Hver leikskóli á sér sínar sérstöður sem okkur þykir mikilvægt að komi fram. Dæmi um sérstöðu var að Krakkakot vann að einu hugtak í einn mánuð. Í lok hvers mánaðar var gert verkefni sem lýsti vel innihaldi hugtaksins sem tekið var fyrir. Lundaból var með nuddsamveru einu sinni í viku í sal. Hæðaból var með vinastund í sal fjórða hvern föstudag þar sem öll börn og kennara komu saman en þar var hugsunin sú að vinna með vináttuna þvert á deildir. Einnig útbjó Hæðarból verkefni um vináttu sem börnin unnu heima með foreldrum sínum. Sunnuhvoll nýtti Blæ með öðrum verkefnum eins og þegar verið var að vinna með líkamsvitund og litina. Blær fékk einnig að taka þátt í starfinu þegar börnin voru í frjálsum leik og í leikfimi.

Verkátun fyrir vináttuverkefnið veturinn 2016- 2017 – Allir skólarnir

Dagsetningar - staðsetning	verkátun	þátttakendur	Ábyrgð
16. september 2016 - Krakkakot	Námskeið á skipulagsdegi	Allir starfsmenn skólanna	Barnaheill – Save the children
28. september 2016 - Lundaból	Ákv. með afhendingu bangsa og byrja verkefnið	Verkefnastjórar-leikskólastjórar	Verkefnastjórar-leikskólastjórar
7. október - Lundaból	Bangsar afhentir	Börn og starfsfólk Lundabóli	Verkefnastjóri - leikskólastjóri
21. október - Vífilstaðartún	Bangsar afhentir	Börn og starfsfólk Hæðarbóli, Krakkakoti og Sunnuhvoli	Verkefnastjórar - leikskólastjórar
2. nóvember - Hæðarból	Hvernig gengur verkefnið	Verkefnastjórar	Verkefnastjórar

8. nóvember – Allir skólar	Dagur eineltis – vinaverkefnið í leikskólunum	Allir skólar	Verkefnastjórar
9. desember	Póstur til Barnaheill (Margrét) v/heimsóknar verkefnastj í leiksk	Verkefnastjórar	Verkefnastjórar
10. janúar 2017	Heimsókn á Álfaheiði	Verkefnastjórar	Verkefnastjórar
25. janúar 2017 - Krakkakot	Hvernig gengur verkefnið- deildum hugmyndum	Verkefnastjórar	Verkefnastjórar
15. febrúar 2017 - Lundaból	Stöðumat frá skólunum – umr. um umsókn til áframhaldandi vinnu með verkefnið	Verkefnastjórar	Verkefnastjórar
15. mars 2017 - Hæðarból	Við m.a. með tillögu um að færa maí starfsmannafund fram í sep 2017 –sendum bréf til leiksk.stj	Verkefnastjórar	Verkefnastjórar
17. mars 2017	Allir leikskólastjórar búnir að samþykkja að halda fund í september	Verkefnastjórar	Verkefnastjórar Leikskólastjórar
29. mars 2017 - Lundaból	María og Björg Sunnuhvoli sendu inn umsókn í þróunarsjóðinn ásamt framkvæmdaráætlun	María verkefnastjóri Björg leikskólastjóri	Leikskólastjórar Verkefnastjórar
30. mars 2017 - Sunnuhvoll	Rædd um tillögu Boggu að sept. fundinum sem við samþykktum. Allir skólar hafi 20. mín til að kynna verkefnið í sínum skóla og svo 10. mín umræða á eftir.	Verkefnastjórar	Verkefnastjórar
4. maí 2017 - Lundaból	Umsókn um styrk hafnað. Við ákv. að vinna að skýrslu í sameiginlegur google skjali og skila henni fyrir 6. júní.	Verkefnastjórar	Verkefnastjórar



31. maí 2017 - Hæðarból	Fundur og umræður um skýrsluna	Verkefnastjórar	Verkefnastjórar
8. júní 2017 - Hæðarból	Lokahittingur í sambandi við skýrslu	Verkefnastjórar	Verkefnastjórar

Heildarupphæð styrks: 1.882.800

Laun	400.000
Fræðsla	1.404.500
Gögn	78.186

Ábyrgðarmaður : Björg Helga Geirsdóttir, leikskólastjóri Lundabóli
Tengiliður : Anna Svanlaugsdóttir Hæðabóli